

Rofastjórar eru þeir sem ábyrgðarmaður eða fulltrúi ábyrgðarmanns treystir/tilnefnir (á [EBJ-106](#)) til að sinna rofastjórnun hjá Veitum að því gefnu að þeir séu vélfræðingar með námskeið í öryggisstjórnun rafmagns, eða hafi a.m.k. sveinspróf í rafvirkjun, rafvélavirkjun eða rafveituvirkjun.

Rofastjóri í aðveitu- og dreifikerfi

Stig 1: (A1)

Er vel kunnugur þeim hættum sem stafar af spennuhafa rafbúnaði og er fær um að vinna við 400V kerfi, hefur grunnþekkingu á hættum við rofabúnað og getur nýst sem aðstoðarmaður með vönum manni í háspennu rofahreyfingum.

Starfsmaður þarf að hafa minnst sex mánaða starfsreynslu hjá rafveitu Veitna eða við sambærileg störf.

Stig 2: (A2)

Hefur þekkingu og getu til að vinna við 12kV rofabúnað í dreifistöðvum og teinrofa í loftlínu.

Starfsmaður þarf að hafa minnst átján mánaða starfsreynslu hjá rafveitu Veitna eða við sambærileg störf.

Stig 3: (A3)

Hefur þekkingu og getu til að vinna við 12 kV rofabúnað í aðveitustöðvum og stig 2.

Starfsmaður þarf að hafa minnst tveggja ára starfsreynslu hjá rafveitu Veitna eða við sambærileg störf.

Stig 4: (A4)

Hefur þekkingu og getu til að vinna við rofabúnað í aðveitu- og dreifikerfi þar með talið rofa í 33kV og 132kV virkjum ásamt 12 kV rofabúnaði virkjana.

Starfsmaður þarf að hafa minnst tveggja ára starfsreynslu hjá rafveitu Veitna eða við sambærileg störf.